

Þriðjudagur, 24. maí 2005

240. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 14/2005

**Kaup Vátryggingafélags Íslands hf. á Íslandstryggingu hf. og samruni
Íslandstryggingar hf. og Varðar vátryggingafélags hf.**

I.

Málavextir

Þann 8. janúar sl. var skrifað undir skilyrtan samning um kaup Vátryggingafélags Íslands (VÍS) á ráðandi hlut í Íslandstryggingu hf. (ÍT) með það fyrir augum að sameina ÍT við Vörð vátryggingafélag. Þann 15. janúar sl. var undirritað hluthafasamkomulag sem felur í sér að eigendur félaganna stefna að því að sameina ÍT og Vörð. Í kjölfar áreiðanleikakönnunar sem lauk 18. mars sl. barst Samkeppnisstofnun tilkynning um samruna ÍT og Varðar með bréfi dags. þann 30. s.m.

Í bréfinu segir að markmið samrunans sé að efla starfsemi Varðar og Íslandstryggingar og búa til sterkt vátryggingafélag sem hafi traustan rekstrargrundvöll og meiri getu til þess að keppa á vátryggingamarkaði en minni, veikburða félög. Rekstur beggja félaganna hafi verið erfiður en með sameiningu skapist miklir samlegðarmöguleikar sem leiði til þess að rekstrargrundvöllur verði traustur. Hið sameinaða félag verði rekið sem sjálfstætt félag með arðsemismarkmið að leiðarljósi.

II.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 24. maí 2005, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Atli Freyr Guðmundsson, Ólafur Björnsson, Ragnheiður Bragadóttir og Karitas Pálsdóttir.

1.

Samkvæmt skilyrtum kaupsamningi, dags. 8. janúar 2005, á milli VÍS og Eignarhaldsfélagsins Vendingar ehf. og Klink ehf. þá lofar VÍS að kaupa rúmlega helmings hlut í ÍT að uppfylltum tilteknum skilyrðum um m.a. samþykki eftirlitsstofnanna. Þann 15. janúar sl. var undirritað hluthafasamkomulag á milli VÍS, ÍT og Varðar, þar sem stefnt var að því að sameina Vörð og ÍT. Þann 19. mars 2005

var skrifað undir viðauka við nefndan kaupsamning þar sem aðild Klink ehf. var felld niður.

Áður en framangreind viðskipti fóru fram var Vörður að fullu í eigu VÍS en ÍT var í eigu dreifðs hóps fjárfesta. Bæði ÍT og Vörður starfa á váttryggingamarkaði og selja heildarlausnir í tryggingum einstaklinga og fyrirtækja.

2.

Í kjölfar rannsóknar er það mat samkeppnisráðs að tilefni sé til íhlutunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga vegna samrunans. Samkeppnisráð telur að starfsemi ÍT hafi aukið samkeppni á váttryggingamarkaðnum og haft jákvæð áhrif á markaðinn. Þannig hafi verið t.a.m. í bifreiðatryggingum lækkað og meiri hreyfanleiki verið á markaðnum eftir að ÍT hóf starfsemi. Hins vegar gefa gögn málsins það skýrt til kynna að markaðssókn ÍT hafi reynst félaginu mjög erfið og reksturinn ekki gengið sem skyldi. Í því samhengi er jákvætt að öflugur aðili fjárfesti í félaginu og styrki þar með stöðu þess á markaðnum. Þó ber að athuga að kaup VÍS á ÍT og samruni ÍT og Varðar leiða til aukinnar samþjöppunar á váttryggingamarkaðnum. Fákeppni ríkir á þeim markaði og ef ekkert er að gert leiðir fækkun keppinauta til takmörkunar á samkeppni.

Með hliðsjón af þessu mati samkeppnisyfirvalda hafa átt sér stað viðræður milli Samkeppnisstofnunar og fulltrúa samrunaaðila og hafa viðræðurnar leitt til sáttar á milli aðila, sbr. 18. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001. Sáttin felur í sér að VÍS og hið nýja tryggingafélag, sem verður til úr samruna ÍT og Varðar, hlíti þeim skilyrðum sem fram koma í eftirfarandi ákvörðunarorði.

Tilgangur þessara skilyrða er að tryggja að full og óskoruð samkeppni muni ríkja milli VÍS og hins nýja tryggingafélags. Til að stuðla að þessu verður þessum fyrirtækjum bannað að hafa með sér hvers konar samvinnu sem takmarkað getur samkeppni. Einnig eiga skilyrðin að tryggja að hið nýja félag starfi að öllu leyti sjálfstætt á markaðnum og að samruninn raski ekki samkeppni.

III.

Ákvörðunarorð:

„Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni, með vísan til markmiðs samkeppnislaga, og til þess að tryggja virka samkeppni á váttryggingamarkaði er kaupum Váttryggingafélags Íslands hf. (VÍS) á Íslandstryggingu hf. (ÍT) og samruna ÍT og Varðar váttryggingafélags hf. sett eftirfarandi skilyrði á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993:

1. gr.

VÍS skal tryggja að fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður verði á milli VÍS og hins nýja félags sem tekur við rekstri ÍT og Varðar (hér eftir nefnt hið nýja tryggingarfélag). Skal hið nýja tryggingarfélag rekið sem sérstök lögpersóna.

Stjórnarmenn VÍS, starfsmenn VÍS og eigendur að meira en 1% hlut í VÍS, dótturfélögum VÍS og/eða fyrirtækjum sem VÍS hefur virk yfirráð yfir skulu ekki sitja í stjórn eða varastjórn hins nýja tryggingarfélags. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna, starfsmanna og eigenda, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þá er eigendum hins nýja tryggingarfélags öðrum en VÍS og tengdum félögum heimilað að sitja í stjórn félagsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þá er heimilt samstarf VÍS og hins nýja tryggingarfélags varðandi endurtryggingar. Ber VÍS að tilkynna Samkeppnisstofnun um fyrirkomulag slíks samstarfs áður en það hefst.

2. gr.

VÍS og hinu nýja tryggingarfélagi er óheimilt að hafa með sér hverskonar samvinnu eða grípa til samstilltra aðgerða um viðskipta- og samkeppnismál. Í þessu felst m.a. bann við samvinnu eða samstilltum aðgerðum sem lúta að eftirfarandi atriðum:

1. Verði og verðstefnu
2. Viðskiptakjörum
3. Eðli þjónustu og þjónustuframboði
4. Markaðsmálum, viðskiptastefnu og viðskiptaáætlunum
5. Viðskiptavinum og sölusvæðum.

3. gr.

Hinu nýja tryggingarfélagi er óheimilt að veita VÍS upplýsingar um viðskiptavini félagsins, þ.m.t. viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina. Einnig er félaginu óheimilt að veita VÍS upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 2. gr. þessa ákvörðunarorðs.

VÍS er á sama hátt og segir í 1. mgr. þessarar greinar óheimilt að veita hinu nýja tryggingarfélagi upplýsingar um viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina. Einnig er VÍS óheimilt að veita hinu nýja tryggingarfélagi upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 2. gr. þessa ákvörðunarorðs.

Skulu hlutaðeigandi starfsmenn hins sameinaða félags og VÍS og undirrita sérstaka yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað. Skulu afrit þessara yfirlýsinga send Samkeppnisstofnun.

4. gr.

VÍS og hið sameinaða félag skulu kynna ákvörðun þessa og hvað í henni felst fyrir starfsmönnum félaganna, eigendum og stjórnarmönnum innan eins mánaðar frá birtingu hennar. Þá skulu VÍS og hið sameinaða félag upplýsa Samkeppnisstofnun um framkvæmd á ákvörðun þessari innan tveggja mánaða frá birtingu hennar.

5. gr.

Fyrirmæli í 2. – 4. gr. ákvörðunarorðs þessa taka til fyrirtækja sem eru undir yfirráðum VÍS eða hins nýja tryggingarfélags.

6. gr.

Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða stjórnvaldssekt og/eða refsingu skv. viðurlagakafla samkeppnislaga. “